

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað árið 1948.

Skógurinn: Sala skógarafurða var dálítis meiri enn 1947. Eins og ácur kauðe bændur kol með því að verðbólgan enn sem fyr veldur því að ógerlegt er fyrir skógræktina að keppa við verð á kolum, þar kemur og til að bændur hafa nokkur fjarráð til að veita sér eldsneyti sem er dýrara en handhægara en annað eldsneyti, er þeir gætu fengið t.d. skggviður.

Vidarselan var þessi:

Seit á Hallormsstað: Efnivíour 13.425 kg, eldiviður 14.330 kg.

Flutt til keykjavíkur: - - - 1.800 - -

Alls. 15.225 kg. 14.330 kg.

Frævöxtur var mjög litill. Á elstu trjánum var ekki fræ. Stöku tré 30-50 ára báru fræ, svo og kræklöttir runnar gamlir. Ungviði 15-25 ára bar ekki fræ. Safnад var dálitlu og sent skógrækt ríkisins Reykjavík í tilraunarskyni.

Barrtré: Undanskilið bláfura (*Pinus cristata*) bar ekki fræ. Lerki blómgaðist í apríl, en engin fræmyndun var á lerkinu. Reynivíour bar dálítis fræ einkum í Mörkinni. Í Kanaskógi og görtum hér í nágrennum var allgöð fræsprettu á reyniberjum. Safnad var um 40 kg. af berjum.

Hæðarvöxtur á birkiskoginum var lítill, ends sumarið eitt hið kaldasta sem veðurskýrsla sýnir. Lengstu árssprotar mældust cm.

Læufgunartími skógarins var dagand 9-11 júní, en laurfall má telja að væri 5-8 október. Væxtartími á birki þá um 115-119 dagar.

Árvöxtur barrtrján í skoginum var talsverður, og má þakka það hinu góða sumri í fyrra.

Árvöxtur mældist sem gér segir:

Eftirtaldar tölur sýna árvöxtinn í einni, rök eða þá lengstu árvöxt í Mörkinni, Atlavík og við Króklæk.

1. Mörkin: 1. Blágreni (*pinus pungens*) 12-8-10-16-12-15-12-10-14-10-10-8-10-15-10-8-10-5-8-8-5-16-4-10-8-12-10-12-15-10-10-10-8-11-12-8-10-18-10-12-10-5-5- cm.

2. Fjallagreni (*abies laeiocarpa*) 8-24 cm. 12 ára.

3. Tjallafura 10-30 cm. 12 ára.

4. Rauðgreni 30 cm. lengstu árssprotar. 30-85. ára.

5. Lerki (*larix sibirica*) 40 cm. lengstu árssprotar 10 ára.

2. f Atlavík:

1. Skógarfura: f einni röð. 5-5-20-5-15-10-17-15-14-25-5-10-27-13-5-17
15-5-3-17-15-15-12-15-12-10-17-10-20-18-22-15-20-10 cm.
2. Pírus contorta: í einni röð. 15-10-10-12-5-13-16-5-16-12-10-18-
20-20-10-18-22-8-4-5-15-12-10-18-30-20-10-15-22-25-8-4-22-32-24-23-
15-20-15-27-15-27-5-26-22- cm.
3. Hvítgreni (*pinus alba*) í einni röð: 10-4-10-11-18-8-10-20-8-5-
13-10-10-18-15-15-20-14-5-4- cm.
4. Douglasgreni: í einni röð: 15-12-12-5-6-3-20-5-10-15-5-6-3-20-4-
6-17-17-5-3-12-5-3-10-10 cm.

3. Við Króklæk:

1. Blágreni (engelmannskt) í einni röð: 5-32-10-12-8-20-6-15-17-12-
5-12-16-17-8-3-7-10-8-5-12-3-6 cm.
2. Pírus flexiles, lengstu árssprotar 15 cm.

4. Við Jökullæk:

Lengstu árssprotar 60 cm. Aldur 10 ár.

Girðingar (viðhald). Veturinn 1947 -48, var snjóþungur mjög í janúar og fram í febrúar. Í 38 ár hefur aldrei snjóð jafn mikil á s stuttumtíma. Skógargirðingin ofan við skógin laskaðist mjög. Vír slitnaði mikil og staurar brotnuðu. Viðhaldið kostaði mikil. Í girdinguna voru settir að nýju til 150 járnstaurar og 250 stk. birkistaurar úr skóginum, svo um 25 lerkistaurar er félru till við grísjuu í Mörkinni.

Véburfar og veðurathuganir: Vetur var kaldur og úrfellissamur í janúar og fram í febrúar. Í janúar var úrfelli 284 m.m. mestmagnis snjór. En í febrúar brá til hlýinda og hélst mild tím fram í apríl. Marz var óvenju hlýr. Apríl og maí voru mjög koldir, einnig júní mjög svalur. Sumaríð allt var hið kaldasta í 12 ár, frá því hitamælingar hófust hér. Haustið var einnig kalt.

Mánaðarlegt hitastig og úrkoma magn var sem her segir:

Mánuðir.	Hiti.	Úrkoma.
Janúar	+ 1.55° C.	284.4 m.m.
Febrúar	1.2 -	61.6 - -
Marz	3.7 -	58.9 - -
Apríl	0.6 -	27.5 - -
Maí	4.4 -	5.2 - -
Júní	7.8 -	15.2 - -
Júlí	10.0 -	28.8 - -

Mánuðir	Hiti.	Úrkoma.
Ágúst	10.9° C.	4.01 m.m.
September	4.0 -	51.3 - -
Október	1.8 -	54.6 - -
Nóvember	1.2 -	77.5 - -
Desember	0.0 -	94.8 - -
Alls:	44.7° C.	763.9 m.m.

Meðalhiti ársins 3.7° C. Meðalhiti sumars 8.2° C.

Dagar með 20° og þar yfir 8 alls, 2 í júní, 6 í ágúst. Mestur hitar voru 14 og 22° C. Minnstir hita 1. jan. ± 14° C.

Síðasta frost að vorinu var 28. júní ± 1.4° C.

Fyrsta frost að haustinu var 4 sept. ± 1.2 -.

Græðireiturinn: Sáð var þessum tegundum og magni:

Björk 27 kg. úr Óræfum.

Reynir 17 kg. fræð úr Kanaskogi í Hrafnkellsstöðum eða Hallormsstab og Seyðisfirði. Ennfremur 3 kg. frá Skaptafelli.

Sitkagreni 71.5 kg. frá Pl. Pakham, Witham Sound Alaska.

-- - - 3.0 - - 1945 frá Rencí-skoga, Alaska.

Skógarfura 2.0 - - Norður-Noregi.

Hvítgreni 0.6 - - - - -

Dreifplantad var:	Björk	42.000 stk. 2/0
z	- - - - - Reynir	30.000 - 2/0
- - - - - Ribs	1.240 -	
- - - - - Þingvíðir	8.000 - stiklingar.	
- - - - - Gulvíðir	2.000 -	
- - - - - Skógarfura	14.000 - 2/0 frá N-Noregi.	
- - - - - Svartgreni	1.120 - úr sáðb. hér.	
- - - - - Hamlock	1.140 -	
- - - - - Heggur	350 - stiklingar.	
- - - - - Sólber	120 - - - -	
	Alls:	91.370 stk.

Ribsstiklingar voru 8000 stk gródursett.

Söluhæfar plöntur vorið 1949 teknar upp í haust flestar:

Björk 35.000 stk. 2/2

Reynir 7.000 - 2/3

Ribs 2.200 - 3 ára.

Þingvíðir 6.000 - 1 árs.

Gulviðir	2000	stk.	1. árs.
Sitkagreni	9500	- 3/4 =	7 ára.
	61.700	stk.	

Plantað í skóginum: Rauðgreni 1400 stk. frá N-Noregi.
Fjakkapinur.

Á Eiðum voru gróðursettar 500 rauðgreniplöntur sendingu og hér.

Vöxtur í græðireitnum: Sáðbeðsplöntur náðu litlum proska. Fræið spíraði seint yfirleitt og þurkar og kuldar seinkuðu mjög vextinum. Þetta átti jafnt við lauftré og barrtré, þó var undan-tekning með feynir, hann dafnaði sæmilega, 20 ára plöntur uxu vel, björk, reynir og ribs, sitkagreni miður, 3ja ára plöntur fóru vel fram. Sama er að segja um 4. ára birki, reynir og ribs. Einkum fór reynivið mikil fram.

Ríðsveppur var ekki mikill í sumar og var honum eitt með Bourdouxdufti. Aðrir kvillar voru ekki áberandi í gróðrarstöðinni.

Áburður: Hér fer á eftir greinargerð um magn áburðar, notku-
un tilbúins áburðar í reitnum og skipti á honum og húsdýraáburði.

Köfnunarefni.	Kalí.	Fosfórsýra.
Eftir frá f.á.	1 tonn.	2 tonn.
Keypt á árinu.	9 - -	3 - -
Magn alls:	10 - -	5 - -

Notkun var pessi og eftirstöðvar:

Köfnunarefni.	Kalí.	Fosfórsýra.
Borð í réitinn.	6 tonn.	2½ tonn.
Látíð í skiptum.	4 -	½ -
Eftir í árslok.		2 ½ -
Alls:	10 tonn.	5 tonn.

Húsdýraáburður var ca. 40 vagnhlöss.

Samdur: var fluttur í reitinn 50 tonn.

Hofamold var borin í græðireitinn 20 -

Stakkun græðireitsins og frámræsla:

Rutt var svæði wa . 2500 m². ofan við efri reitinn, norðan við græðireitinn framhald af honum. Rótarhnyðjur voru rifnar upp með beltisdráttarbél, og gekk það verk fljótt. Lengra er þessu verki eigi komið. Lokræsi voru gerð neðan við neðri reitinn, utan við

skurðinn í Mörkinni, 3 talsins, er lengd þeittra samtals 115 metrar. Vegna þess svæðis og væntanlegrar stækkanar var þessi frámræsla gerð.

Vegargerð: í ungskóginum ofan við Ormsstaðarmýri framan við Borgargerðisáz var höggin braut gegnum skógin og síðan, farid eftir henni með beltisdráttarvél. Sléttapi hún brautina pannig að bifreiðar fara tálmarlaust um pennan veg. Lengdin er ca. 1. km. Kostnadur reyndist ekki mikill aðeins 64 aurar á lengdarmeter, að laga brautina með dráttarvélinni. Þetta fyrsta regluleg vegargerð hér í skóginum utan þjóðbegarins. Framhald af þessum wegi myndi verða út í Patt í sambandi við braut sem par er eftir endilöngum Partinum.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands:

Þessi samkoma var hin merkilegasta er hér hefur verið haldin, frá því skógrækt hófst hér.

Þarna mættust fulltrúar og málsvarar þess skógræktaráðuga er vakngður er með þjóðinni. Óhætt mun að vanta þess að fundarmenn hafi auðgast af því er þeir sáu hér, Sjón er sögu ríkari. Þeir munu hafa sannførst um það margir fundarmenn að skógurinn seiðis og magnar til átaka. Munu fundarmenn hafa haldið heim, sannfærðari en áður um möguleika ða því að gera landið viði gróið, á ný.

Vedur var hið besta, fundafdagana og skógurinn stóð í vor-skrúða. Þetta jók ánægju og samhug. En um þetta verður eigi fjölyrt hér, því útvarp og bæði hafa skírt ítarlega frá fundinum og fundargerðin sjálf greinir þó enn ljósar frá því sem gerðist á fundinum, og er fundarmenn sáu og heyrðu þessa björtu júníðaga.

Upptekin regla innan skógræktarfélagskaparins, að heimsækja skógræktarstöðvar sitt árið í hverjum landsfjórðungi, mun auka áhuga og styrkja, trúna meðal allra líðsmanna á vettvangi skógræktarinnat, og fjölgar þeim ár frá ári.

Ferðir á annu: Fór til Fáskrúðsfjarðar, Borgarfjarðar og Seyðisfjarðar. Erindi til Fáskrúðsfjarðar var að athuga útbreiðslusvæði hinnar nýfundnu aspar í Gestsstaðarlandi. Til Borgarfjarðar og Seyðisfjarðar var erindi mitt, að athuga kjarr í Borgarfirði og skoða áhrif friðunar í landi skógræktarfélags Seyðisfjarðar, og vöxt barrtrjáa par. Skýrslu um ferþir þessar hef ég samið og sent til skógræktarstjóra.

Byggingar: Gerðar voru endurbætur á áburðarhúsi, steypt
þak á húsið, en þar var áður járnþak, en mjög úr sér gengið.

Hallormsstað 12/1 1949.
Guttermur Pálsson.